

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
 Árnesi
 801 Selfoss

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	D.O
Ábm.	K/S 18.3.20
Afgr.	() Bréf () St.
Lvm.	Trm.

Reykjavík 12. mars 2020
 UST202002-431/A.B.
 09.04.04

Efni: Samþykki – Flokkun hálandisvega - Skeiða og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða – og Gnúpverjahrepps er barst 21. febrúar sl. þar sem óskað er eftir samráði og samþykki Umhverfisstofnunar skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Samræmi

Umhverfisstofnun hefur farið yfir skýringaruppdrátt nr. 6 sem nefnist „Flokkun vega á afrétti“ sem fylgdi með erindi sveitarfélagsins. Þar eru sýndir vegir sem liggja annars vegar innan friðlandsins í Þjórsárverum og hins vegar innan Svæða í Þjórsárdal.

Þjórsárver voru fyrst friðlýst sem friðland árið 1981. Friðlýsingin var endurskoðuð árið 1987 og aftur árið 2017 með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 870/2017. Umhverfisstofnun telur að vegir á skýringaruppdrætti sé í samræmi við flokkun vega skv. korti í viðauka I sem fylgir auglýsingu friðlýsingarinnar.

Í 12. gr. friðlýsingarinnar segir að umferð um og í nálægð við varplönd heiðargæsa er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 20. júní sbr. viðauka II, kort af svæði takmarkaðrar umferðar vegna heiðargæsavárps. Stofnunin bendir á að skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018, um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd, skal tilgreina sérstaklega tímabil sem heimilt er að nota veg sé um að ræða veg með tímabundna og /eða takmarkaðra notkun. Það er mat stofnunarinnar að þetta þurfi að koma fram á skýringaruppdrætti.

„Svæði í Þjórsárdal“ voru friðlýst sem náttúrvætti í janúar 2020 með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 110/2020.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að akstur á vegum á framangreindum svæðum sé ekki líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.

Með hliðsjón að ofangreindu samþykkir Umhverfisstofnun vegaskrá eins og hún er sýnd á skýringaruppdrætti nr. 6 sem nefnist „Flokkun vega á afrétti“.

Virðingarfyllst


 Sigrún Ágútsdóttir
 Forstjóri


 Hákon Ásgeirsson
 teymisstjóri